

Lyfjanefnd Landspítala

Fundargerð nr.: 6/2024

Fundarstaður: Engey, Eiríksstöðum og Teams

Fundartími: 3. apríl 2024, kl. 14:30

Viðstödd:

Aðalmenn

Hlíf Steingrímsdóttir, Gerður Gröndal, Guðríður K Þórðardóttir (varamaður GBJ), Pétur S Gunnarsson, Ragnar Grímur Bjarnason og Örvar Gunnarsson

Varamenn

Eva Ágústsdóttir og Sif Sumarliðadóttir

Starfsmenn

Guðrún Björg Elíasdóttir og Dóra Guðrún Pálsdóttir sem ritaði fundargerð

Fjarverandi: Agnes Smáradóttir, Arnþrúður Jónsdóttir, Gerður Beta Jóhannsdóttir, Guðrún I Gylfadóttir, Gylfi Óskarsson og Signý Vala Sveinsdóttir

Gestur: Ólöf Kristjana Bjarnadóttir

1) Hæfi fundarmanna

Hæfi fundarmanna við afgreiðslu mála kannað. Fundarmenn telja sig hæfa um að fjalla um mál sem eru á dagskrá fundarins.

2) Fundargerð nr. 5/2024

Fundargerðin samþykkt

3) Sjúkratilfelli

Umfjöllun ekki birt

4) Vinnuhópur um sýklalyfjagæslu

Sett hefur verið af stað vinna til að undirbúa innleiðingu heildstæðrar sýklalyfjagæslu á LSH og stærri heilbrigðisstofnunum í landinu. Vinnuhópur, sem er starfshópur lyfjanefndar, hefur verið skipaður. Á barnaspítalanum hefur verið virk sýklalyfjagæsla en ekki á spítalanum í heild með markvissum hætti þó nokkrar atlögur hafi verið gerðar að slíku. Mikill skortur hefur verið á sérfræðingum sem hefur torveldað þessa vinnu og innleiðingu. Því er mikilvægt að byggja upp starfrænan stuðning og tæknilausnir til að ná yfirsýn og auðvelda vinnuna. Ætlunin er að heildstæð sýklalyfjagæsla hefjist í ársbyrjun 2025.

5) Önnur mál

a) Starfshópur um undirbúning CAR T-meðferðar á Íslandi

Forstjóri LSH hefur skipað starfshóp til að vinna að undirbúningi þess að hægt verði að veita CAR T-meðferð hér á landi. Á Íslandi eru allir innviðir til staðar, t.a.m. vottaður blóðbanki. Þó þarf að fara í vinnu við að teikna upp ferla og skýra verklag áður en lengra er haldið. Hallgerður Lind Kristjánsdóttir, blóðlæknir, stýrir þessari vinnu.

b) Hagsmunaskráning

Þeir sem eru nýir í lyfjanefnd þurfa að fylla út hagsmunaskráningu og verður hún send til þeirra sem ekki hafa þegar skilað slíkri yfirlýsingu.

Fundi slitið kl. 15:10